

Minnisblað - málsnúmer 1901014

Til: Sveitarstjórnar Dalabyggðar

Frá: Sveitarstjóra

Efni: Skýrsla sveitarstjóra, kynnt á sveitastjórnarfundi nr.225, dags: 8. september 2022

Helstu viðfangsefni BBP síðustu daga og vikur eða frá síðasta fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar sem haldinn var 18. ágúst s.l. Hér er einungis stiklað á stóru því margt af því sem fram fer á skrifstofu Dalabyggðar ratar ekki í dagbók sveitarstjóra.

- Starfsmannafundur með starfsfólki Silfurtúns, hjúkrunar- og dvalarheimils, ásamt stjórn heimilisins var haldinn 19. ágúst s.l.. Farið yfir stöðu mála og m.a. kynnt að hjúkrunarforstjóri heimilisins er í veikindaleyfi og búið er að semja við hjúkrunarfræðing um tímabundinn samning til að halda utan um faglegt starf heimilisins, með góðri aðstoð frá HVE og Fellsenda. Einnig hafa átt sér stað samskipti við Embætti landlæknis vegna Silfurtúns. Þessu til viðbótar þá hef ég fengið fund með heilbrigðisráðherra til að ræða stöðu Silfurtúns og mögulegt samlegðaráhrif þess að samþætta rekstur heilbrigðisstofnana í Búðardal, sá fundur verður í byrjun október.
- Fundir vegna verkefnisins DalaAuður, með verkefnastjórn og verkefnastjóra og svo opinn íbúafundur sem haldinn var 23. ágúst í Dalabúð og var vel sóttur og m.a. umhverfis- og loftlagsmálaráðherra mætti á auk annarra góðra gesta. Nú er búið að opna fyrir umsóknir í Frumkvæðissjóð sem tengdur er verkefninu og er umsóknarfrestur til kl. 12:00 föstudaginn 30. september n.k. Til ráðstöfunar eru kr. 12.250.000,- og vil ég hvetja áhugasama umsækjendur til þess að senda inn umsóknir – mikil tækifæri til uppbyggingar sem fylgja þessu samstarfsverkefni okkar í Dalabyggð með Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og Byggðarstofnun.
- Fundað var með kaupleigutökum að Laugum og farið í vettvangsferð og farið yfir stöðuna á húsnaðinu og aftur verður fundað með þeim í komandi viku. Dalabyggð hættir rekstri um næstu mánaðarmót og því mikilvægt að fara yfir afnot af íþróttamannvikjum og opnunartíma sundlaugar og e.h. sé nefnt.
- Fundað með yfirlækni Heilsugæslustöðvarinnar í Búðardal og þá möguleika sem geta verið til staðar varðandi samþættingu við Silfurtún. Einnig rætt um tækjakost á heilsugæslustöðinni og m.a. með tilliti til þess ákveðið að sveitarstjórn bókaði sérstaklega um stöðuna á röntgenbúnaði stöðvarinnar og samþykkt var hér fyrr á fundinum.
- Undirbúningur fyrir fjárhagsáætlunargerð er farin á fullt skrið og átti sveitarstjórn óformlegan vinnufund um þau viðfangsefni sem framundan eru fyrir skömmu. Farið var yfir stöðu ýmissa þátta á þeim fundi þar sem nokkrir embættismenn tóku þátt og voru búnir að lista upp marga þætti er viðkoma rekstri Dalabyggðar. Fundað var í Árbliki og færur við staðarhaldara þar góðar þakkir fyrir veitingar og góðan aðbúnað.

- Fundað var með fasteignasala í félagsheimilinu að Staðarfelli sem komið er í sölumeðferð hjá fasteignasöllum Domusnova að undangenginni óformlegri verkönnun hjá nokkrum fasteignasölum. Ekki er kominn verðmiði á eignina en vonandi skýrast þau mál á næstu dögum.
- Fundað var með lögreglustjóranum á Vesturlandi fyrir skömmu. Rætt var um aðstöðumál lögreglunnar í Búðardal sem og löggæslumál á svæðinu almennt. Hef ég í kjölfar þess samtals óskað eftir fundi með dómsmálaráðherra til þess að ræða stöðu mála og mun sá fundur verða á næstu dögum.
- Fundað var s.l. þriðjudag, ásamt formanni byggðarráðs og formanni atvinnumálanefndar Dalabyggðar, með forsvarsfólki Leigufélagsins Bríetar um knýjandi þörf á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Búðardal. Viðtökur voru jákvæðar og er boltinn nú hjá okkur að senda til þeirra formlegt erindi ásamt uppfærðri húsnæðisáætlun. Við þurfum að halda vel á vopnum okkar til þess að viðhalda þeirri þróun sem varð á árinu 2022 þar sem íbúum Dalabyggðar fjölgaði um 45 frá árinu 2021 eða um 7,4% sem er 6. mesta fjölgun sem varð á landinu öllu prósentulega séð hjá sveitarfélögum.
- Til viðbótar hef ég setið fundi ýmissa nefnda sveitarfélagsins nú upp á síðkastið. Mörg verkefni eru í pípunum sbr. að vinna úr niðurstöðum sem komu út úr könnun sem gerð var meðal foreldra hvað varðar frístundaakstur, byggingarnefnd íþróttamannvirkja er að störfum og eru þreyfingar uppi varðandi möguleg næstu skref, atvinnumálanefnd hefur fundað og umhverfis- og skipulagsmálanefnd svo þeir fundir sem ég hef setið auk annarra séu hér nefndir. Ýmis önnur samskipti eins og við alþingismenn og forsvarsfólk í öðrum sveitarfélögum hafa einnig átt sér til til að ræða sameiginleg hagsmunamál. Á næstunni fundar félagsmálanefnd Dalabyggðar og þar bíða úrlausnar brýn verkefni sem nánar verður sagt frá síðar en m.a. þarf sú nefnd að marka línur hvernig rétt sé að halda á málum í kjölfar þess að samningur við Borgarbyggð um þjónustu í félagsmálum rennur út um næstu áramót.

Það eru margir boltar á lofti hjá okkur í Dalabyggð, starfsmenn stjórnsýsluhúss og aðrir starfsmenn eru svo sannarlega að gera sitt besta til þess að hlutirnir gangi. Það er annatími framundan hjá stórum hluta íbúa, göngur, réttir og allt það sem tilheyrir haustverkum sauðfjárbúa og taka þarf tillit til þeirra aðstæða í ýmsu tilliti.

Að endingu, í þessari reglubundnu yfirferð minni, þá vil ég leifa mér að segja að ég hef fulla trú á því að Dalabyggð sé að ganga inn í spennandi tíma með samheldni og samvinnu sem leiðarstef í öllum okkar áherslum og framgöngu.